

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 61 í stjórn Herjólfshöf., haldinn 30. ágúst 2020 kl. 13:00

í fundarsal Hótelshöf.

Mættir voru: Agnes Einarasdóttir, Aníta Jóhannsdóttir, Arnar Pétursson, Guðlaugur Friðþórsson, Páll Þór Guðmundsson og Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastjóri. Arndís Bára Ingimarsdóttir sat fund gegnum síma. Birna Vídó Þórsdóttir boðaði forföll.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins var einn dagskrárliður:

1. **Ákvarðanatöka um hópuppsagnir starfsmanna.**

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um að nauðsynlegum gögnum vegna hugsanlegrar hópuppsagnar hafi verið skilað inn til Vinnuárástofnunar.

Niðurstaða: Stjórn samþykkti samhljóða að senda frá sér eftirfarandi fréttatilkynningu:

Vestmannaeyjaferjan Herjólfur öf. hóf þann 20. ágúst s.l. ferli að hópuppsögnum allra starfsmanna félagsins í samræmi við lög um hópuppsagnir nr. 63/2000 án þess að endanleg niðurstaða hafi legið fyrir. Stjórn félagsins hefur nú tekið þá sársaukafullu ákvörðun að segja upp öllum starfsmönnum. Er það gert í varúðarskyni þar sem stjórnin telur óábyrgt að halda út í frekari óvissu með rekstur félagsins að öllu óbreyttu.

Áætluð áhrif vegna kórónaveirunnar eru veruleg og ekki liggur fyrir niðurstaða eða ákvörðun ríkisins um að bæta í núverandi þjónustusamning vegna áhrifa á reksturinn.

Einnig telur stjórn félagsins að ekki hafi verið staðið fyllilega við gerðan þjónustusamning vegna ferjusiglinga milli milli lands og Eyja.

Vinna við endurskoðun á frekari fjárframlögum og á rekstri félagsins er í gangi þó engin niðurstaða liggi fyrir. Þeirri vinnu verður hraðað eins og kostur er.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 10. september nk.

Ekki annað rætt.

Fundi slitið kl. 14:15.

Fundargerð ritaði Agnes Einarasdóttir.

